| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 22. sept 2016 – 1. útg |
| **Námsgrein** | Spænska |
| **Titill** | Spænska 5 fyrir sjálfstæðan notanda - a |
| **Skammstöfun** | SPÆN2BB05 |
| **Viðfangsefni** | Evrópski tungumálaramminn, framhald, stig b1 (BU) |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér ritun í samræmi við þrep A2 í evrópska tungumálarammanum. Meginmarkmið er að auka og bæta orðaforða og tjáningarhæfni í þýsku og efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda í náminu. Lögð er áhersla á að nemendur lesi margvíslegt efni sér til gagns og ánægju og þjálfist í að hlusta á talað mál. Rifjuð er upp og þjálfuð málfræði þar sem þurfa þykir. Nemendur geri sér ljósa eigin ábyrgð í málanámi og átti sig á mikilvægi eigin frumkvæðis og vinnu. |
| **Forkröfur áfanga** | SPÆN2BA05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans<br>• grundvallarþáttum spænska málkerfisins<br>• menningu, samskiptavenjum og siðum spænskumælandi þjóða<br>• mismuni sem er á töluðu og rituðu máli og mismunandi notkun tungumálsins í ólíkum samskiptum |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• greina talað mál um fjölbreytt efni og geta fylgt fyrirmælum og greint aðalatriði frá aukaatriðum<br>• lesa og greina margskonar gerðir texta og vinna úr þeim á fjölbreyttan hátt<br>• afla sér ýmiskonar upplýsinga og taka þátt í samræðum og tjá sig um ólík umræðuefni<br>• tjá sig um atburði með því að beita nútíð, framtíð og liðinni tíð og halda kynningu á undirbúnu efni |

| | |
|---|---|
| | með því að beita orðaforða, setningagerð og framburði á sem réttastan hátt<br>• skrifa samfelldan texta um ýmiskonar efni og tjá eigin skoðanir og fyrirætlanir |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**<br>• fjalla munnlega og skriflega um efni sem hann hefur kynnt sér og tjá eigin skoðanir, persónulega reynslu og framtíðaráform<br>• leggja grunn að og tileinka sér aðalatriðin í samtölum, kvikmyndum og fjölbreyttu efni í fjölmiðlum<br>• tileinka sér efni mismunandi textagerða og aðalatriði í lengri og flóknari textum og geta dregið ályktanir og rökstutt mál sitt |
| **Námsmat** | Lokaeinkunn byggir á jafnri og stöðugri vinnu og verkefnum nemenda en ekki lokaprófi. |